

Fréttatilkynning

Niðurstöður úr almennu hlutafjárútbóði Nova Klúbbsins hf.

- Rúmlega 5.000 áskriftir bárust fyrir um 12 milljarða króna
- Tvöföld eftirspurn, þar af þreföld eftirspurn í áskriftarbók A
- Vegna umframeftirspurnar var ákveðið að stækka útbóðið sem nemur 20%
- Heildarvirði seldra hluta nam tæplega 8,7 milljörðum króna

Almennu hlutafjárútbóði Nova Klúbbsins hf. lauk kl. 16:00 þann 10. júní. Alls bárust rúmlega 5.000 áskriftir að andvirði um 12 ma.kr. sem samsvarar tæplega tvöfaldri eftirspurn, sé miðað við grunnstærð útbóðsins. Tæplega þreföld eftirspurn var eftir þeim hlutum sem boðnir voru í áskriftarbók A miðað við grunnstærð útbóðsins. Eftirspurn var eftir ríflega öllum hlutum sem boðnir voru í áskriftarbók B. Endanlegt útbóðsgengi í báðum áskriftarbókum nam 5,11 krónum á hlut.

Til að mæta áhuga fjárfesta hafa seljendur ákveðið að stækka útbóðið sem nemur um 20% í þágu áskriftarbókar A.

Seldir hlutir í áskriftarbók A nema 779.225.168 að söluandvirði um 4 milljarðar króna. Við úthlutun voru áskriftir almennt skertar um 51% en þó þannig að fylgt var þeim viðmiðum gagnvart áskriftum starfsmanna og viðskiptavina Nova líkt og stefnt var að samkvæmt skilmálum útbóðsins.

Seldir hlutir í áskriftarbók B nema 920.902.471 að söluandvirði um 4,7 milljarðar króna. Áskriftir fjárfesta í áskriftarbók B voru skertar um 12%. Heildarfjöldi hluta sem eru seldir hlutir í útbóðinu námu alls 1.700.127.639 og heildarsöluandvirði hlutafjárútbóðsins nemur um 8,7 milljörðum króna.

Hugh Short, stjórnarformaður Nova Klúbbsins:

„Nú er vel heppnuðu hlutafjárútbóði lokið og við fögnum áhuga fjárfesta á félaginu. Í apríl síðastliðnum fór fram hlutafjárukning þar sem sterkur hópur fjárfesta kom að borðinu. Nú hefur hluthafahópur félagsins styrkst enn frekar með aðkomu almennings og fjölda öflugra stofnanafjárfesta. Við lítum björtum augum til framtíðar og hlökkum til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu félagsins í samstarfi við nýja hluthafa.“

Margrét Tryggvadóttir, forstjóri Nova Klúbbsins:

„Við erum hæstánægð að fá að bjóða velkomna um 5.000 manns til að taka þátt í að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu stærsta skemmtistaðar í heimi. Þá er sérstaklega ánægjulegt að sjá þátttöku núverandi viðskiptavina en um 1.500 þeirra tóku þátt í útbóðinu. Nú tekur við næsti kafli í sögu Nova sem skráð félag og erum við spennt að hringja bjöllum þann 21. júní næstkomandi.“

Fjárfestum verður tilkynnt um úthlutanir í útbóðinu eigi síðar en fyrir lok dags mánudaginn 13. júní. Gjaldþagi áskriftarloforða fjárfesta er 16. júní næstkomandi og er ráðgert að afhending hinna nýju hluta til fjárfesta fari fram þann 20. júní.

Stefnt er að því að viðskipti með hina nýju hluti hefjist á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 21. júní næstkomandi, en Nasdaq Iceland hf. hefur samþykkt umsókn félagsins um töku hlutabréfanna til viðskipta, háð því að félagið uppfylli skilyrði reglna fyrir útgefendur hlutabréfa á Nasdaq Iceland hf. um dreifingu hlutafjár fyrir fyrsta viðskiptadag.

Arion banki hafði umsjón með hlutafjárútbóðinu.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Tryggvadóttir, forstjóri s. 770 1070